

Auglýsing um framlög til verzlunar í strjálbýli

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra auglýsir eftir umsóknum um framlög sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2018-2024 vegna verkefna sem tengjast aðgerð A.9 *Verzlun í strjálbýli*.

Um framlögin

Markmið með aðgerðinni er að styðja verzlun í skilgreindu strjálbýli fjarri stórum þjónustukjörnum (sjá skilgreiningu hér að neðan), þar sem verzlun hefur átt erfitt uppdráttar. Framlögin geta nýst til að bæta rekstur verzlana og skjóta frekari stoðum undir hann, m.a. með samspili við aðra þjónustu, breyttri uppsetningu í verzlunum og bættri aðkomu. Framlögin má einnig nota til að styðja við rekstur og tækjakaup. Byggðastofnun býður verzlunarrekendum upp á sérhæfða ráðgjöf til að bæta rekstur verzlana.

Við mat á umsóknum verður stuðst við eftirfarandi þætti:

- Rekstraráætlun fyrir árið 2021.
- Ársreikninga síðustu tveggja ára.
- Fyrirhugaða starfsemi.
- Önnur atriði sem skipta máli við mat á aðstæðum viðkomandi byggðalags

Styrkhæfir aðilar

Verzlunarrekendur eða þeir sem hyggja á verzlunarrekstur á skilgreindum svæðum geta sótt um þau framlög sem hér eru auglýst. Verzlunirnar þurfa að vera í a.m.k. 150 km akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu, 75 km akstursfjarlægð frá Akureyri og 40 km akstursfjarlægð frá byggðakjörnum með yfir 1.000 íbúa, eða í Grímsey og Hrísey.

Styrkfjárhæðir í boði

Úthlutað verður allt að 12 milljónum króna fyrir árið 2021 til að styðja verzlunir í strjálbýli. Styrkfjárhæð getur numið allt að 80% af heildarkostnaði við verkefni.

Atriði sem þurfa að koma fram í umsókn

Vísað er í reglur um úthlutun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra á framlögum sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar 2018-2024.

Í umsókn skal umsækjandi meðal annars lýsa markmiðum verkefnis sem liggur til grundvallar umsókn, þ.e. hvernig rekstur viðkomandi sér fyrir sér, opnunartíma, hvort um aðra starfsemi en verzlunarrekstur verði að ræða, hvort rekstraraðili sé í samstarf við aðra um rekstur eða þjónustu o.s.frv.

Njóti umsækjandi annarra styrkja eða framlaga vegna verkefnisins skal hann gera grein fyrir því.

Einungis umsóknir sem uppfylla skilyrði auglýsingar og úthlutunarskilmála verði teknar til greina.

Valnefnd, umsögn Byggðastofnunar, tímafrestur og áætlaður afgreiðslutími

Umsóknir þurfa að berast í gegnum rafrænt umsóknarform Byggðastofnunar fyrir miðnætti 30. nóvember 2020.

Þriggja manna valnefnd metur allar umsóknir að fenginni umsögn Byggðastofnunar og gerir tillögu til ráðherra um úthlutun styrkja.

Áætlað er að niðurstöður ráðherra liggi fyrir í desember 2020.

Byggðastofnun annast fyrir hönd ráðuneytisins samningsgerð við styrkþega, umsýslu með greiðslum og eftirlit með framkvæmd verkefnis.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Kr. Þórgrímsdóttir, sérfræðingur hjá Byggðastofnun: sigga@byggdastofnun.is